

Mál nr. 135/2018

**M og
V vegna munatjóns.**

**Krafa um viðurkenningu á bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu
Kópavogsbæjar**

Gögn.

Málskot móttakið 2.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.

Bréf V, dags. 9.5.2018.

Málsatvik.

Þann 23. febrúar sl. lak vatn inn í grunn fasteignar M í sveitarfélagi frá lóð í eigu sveitarfélags í miklu vatnsveðri, með þeim afleiðingum að tjón varð á fasteigninni. Af greinargerð M verður ráðið að mat hennar á því hvers vegna umrætt tjón átti sér stað megi leiða af því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi nokkur sumur í röð slegið umrædda lóð í eigu sveitarfélagsins, en á lóðinni veður lúpína um allt einsog segir í greinargerðinni. Þar sem starfsmennirnir hafi ekki fjarlægt lúpínuna af lóð bæjarins hafi hún myndað dúk yfir jarðveginn sem hafi leitt vatn inn á lóð M með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í fasteign M, með afleiðingum sem lýst er í greinargerð.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefnd verður ekki séð að nokkur gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á sök sveitarfélagsins vegna þess tjóns sem M gerir nú kröfu um að fá greiðslu úr ábyrgðartryggingu bæjarins. Af þeim sökum verður ekki séð að sýnt hafi verið fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna sveitarfélagsins sem er forsenda þess að M eigi rétt á því að fá greitt úr frjálsri ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Lúðvík Bergvinsson lögm.